

**Sp.**

**30. Fyrirspurn**

**[30. mál]**

til menntamálaráðherra um kennsluréttindi kennara í grunnskólum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvert er hlutfallið milli fjölda kennara með kennsluréttindi og réttindalausra kennara í grunnskólum:
  - a. í 1.–6. bekk,
  - b. í 7.–9. bekk,
  - c. í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
2. Hve margar stöður í grunnskólum eru skipaðar eða settar kennurum með kennsluréttindi?
3. Hve margir stundakennarar við grunnskóla eru með kennsluréttindi?